

Ytra mat grunnskóla

Seyðisfjarðarskóli

október 2020

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Seyðisfjarðarkaupstað.

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir

© Menntamálastofnun, 2020.

ISBN 978-9979-0-2464-4

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna	4
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	4
Þáttur 2 – Náms og kennsla	5
Þáttur 3 – Innra mat	6
Þáttur 4 – Sameining leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla	6
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Seyðisfjarðarskóla	7
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun.....	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða.....	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.....	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga.....	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahefni stjórnenda og starfsmanna.....	12
Þáttur 2 – Náms og kennsla	14
2.1 Inntak og námskrá.....	14
2.2. Árangur náms.....	15
2.3 Gæði kennslu	17
2.4 Skipulag náms	18
2.5 Námsvitund.....	20
2.6 Ábyrgð og þátttaka	20
Þáttur 3 – Innra mat	22
3.1 Skipulag.....	22
3.2 Framkvæmd.....	22
3.3 Umbætur.....	23
Þáttur 4 – Sameining leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla	24

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Seyðisfjarðarskóla sem fór fram á haustönn 2020. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla var fjórði þáttur *sameining leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í Seyðisfjarðarskóla*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Skólastefna Seyðisfjarðar er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu og samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.
- Skólalæping eru vettvangur samráðs, samvinnu og upplýsinga um skólastarf og eru til fyrirmyndar.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Skólaráð fundar reglulega og fundargerðir eru skráðar og vistaðar á vef skólans.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru fjölbreytt og markviss.
- Stjórnendur miðla niðurstöðum mats og mælinga og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna í niðurstöður og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins.
- Daglegt starf er vel skipulagt og starfsfólk er sáttt við skipulagið.
- Skólastjóri tryggir að sjónarmið nemenda nái fram og að á þá sé hlustað í nefndum og ráðum.
- Árleg nemendalæping eru til fyrirmyndar.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts og fá tækifæri til að bera ábyrgð á ýmsum verkefnum.
- Stjórnendur hvetja starfsmenn til að huga að heilsu sinni og veita svigrúm til þess.

Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að skólanámskráin uppfylli öll viðmið sem ætlast er til samkvæmt aðalnámskrá.
- Gæta að því að starfsáætlun skólans uppfylli öll viðmið sem ætlast er til samkvæmt aðalnámskrá.
- Mikilvægt er að upplýsingar á heimasíðu séu aðgengilegar, hagnýtar og uppfærðar reglulega.
- Í áætlunum um nám og kennslu þarf að gera grein fyrir því hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Skrá markvisst framgang þróunarvinnu og birta á heimasíðu.
- Mikilvægt að verkaskipting stjórnenda sé skráð og öllum ljós.
- Mikilvægt er að réttindi og skyldur starfsmanna séu ljósar, skráðar og kynntar starfsmönnum.
- Stjórnendur fylgist með námi og kennslu með það að leiðarljósi að veita kennurum endurgjöf.
- Tryggja að nemendafulltrúar í skólaráði sitji í ráðinu til tveggja ára.
- Fylgja því eftir að skólaráðið haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um.
- Mikilvægt er að gera starfsþróunaráætlun fyrir hvert ár, tímasetja viðburði og fræðslu og áætlunin nái til allra starfsmanna skólans.
- Nauðsynlegt er tryggja aðgengi fatlaðra í öllu skólahúsnæðinu.
- Gera starfslýsingar fyrir alla starfsmenn og birta þær.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Styrkleikar

- Kennsluáætlanir sýna góð tengsl við aðalnámskrá þar sem gerð er grein fyrir hvernig unnið er að grunnþáttum, lykilhæfni og hæfniviðmiðum greina.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur með sérþarfir og þar koma fram markmið, tilhögun og leiðir sem unnið er eftir.
- Sérkennsla fer að hluta fram með stuðningi í kennslustundum.
- Fylgst er með árangri og framförum nemenda og nemendahópa.
- 90% foreldra sem svara könnun segja að umsjónarkennarinn fylgist reglulega með námi barnsins.
- Skipulag kennslu er gott og tími vel nýttur.
- Samskipti milli nemenda og milli nemenda og kennara eru almennt jákvæð.
- Markviss samvinna nemenda sást í rúmlega helmingi stunda sem heimsóttar voru.
- Upplýsingatækni er markvisst nýtt í þágu náms nemenda.
- Áhersla er á útinám og skólinn hefur útbúið útisvæði fyrir útikennslu.
- Fjölbreytt samstarf er við grenndarsamfélagið.
- Unnið er eftir uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* og hún markvisst innleidd í öllum deildum skólans.
- Nemendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á skólapingum og nemendapingum.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að allar kennsluáætlanir séu opinberar og aðgengilegar foreldrum við skólabyrjun að hausti.
- Samræma að fullu framsetningu kennsluáætlana og birta efni þeirra allra á íslensku.
- Gera grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum og hvernig komið er til móts við bráðgera nemendur.
- Tilgreina námsmarkmið í upphafi kennslustunda og hafa markmið og hæfniviðmið sýnileg nemendum.
- Tryggja markvissa upplýsingagjöf til foreldra um námsárangur.
- Huga þarf að hvað veldur slakari árangri nemenda í stærðfræði en íslensku á samræmdum könnunarprófum og móta stefnu um aðgerðir til að auka árangurinn.
- Huga þarf vel að líðan nemenda og trú þeirra á eigin námsgetu og vinna með árgöngum og einstaklingum út frá niðurstöðum kannana.
- Auka áherslu á leiðbeinandi kennsluathafnir þar sem nemendur eru virkir í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.
- Auka áherslu á umræður og skoðanaskipti sem hluta af námi nemenda.
- Veita nemendum tækifæri til að velja námsaðferðir og velja viðfangsefni eftir áhugasviði sínu.
- Þjálfar nemendur í sjálfsmati og jafningjamati.
- Birta á heimasíðu upplýsingar um nemendaráð og starfsemi þess.
- Skrá verkgang um hvernig sjónarmiða nemenda er aflagð.

Þáttur 3 – Innra mat

Styrkleikar

- Litið er á innra mat og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan þátt í skólasterfinu.
- Innramatsskýrsla er til staðar.
- Mat á námi nemenda og framförum fer fram reglulega.
- Niðurstöður innra mats eru kynntar fyrir foreldrum, starfsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Umbótaáætlun er til staðar og henni er kerfisbundið fylgt eftir.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra sem hlut eiga að máli.
- Skólinn getur sýnt fram á umbætur sem raktar eru til innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina þarf árangur sem stefnt er að í matinu og meta hvort hann hefur náðst.
- Mikilvægt er að innra mat sé samstarfsmiðað og byggji á lýðræðislegu vinnubrögðum.
- Skipa innramatsteymi með þátttöku fulltrúa allra hagsmunaaðila.
- Kynna niðurstöður innra mats og kannana fyrir nemendum.

Þáttur 4 – Sameining leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í Seyðisfjarðarskóla

Styrkleikar

- Foreldrar telja almennt að sameining skólanna hafi verið til hagsbóta fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra.
- Nemendur geta sótt tónlistarkennslu á skólatíma sem stuðlar að samfelli í skóladegi þeirra.
- Stefnan *Uppeldi til ábyrgðar* nær til allra deilda skólans svo börnin upplifa sömu áherslur á öllum skólastigum.

Tækifæri

- Mikilvægt er að meta hvernig til hefur tekist við sameiningu skólanna í lok innleiðingar árið 2021.
- Leita leiða til að leikskólinn tengist enn betur sameiginlegu starfi skólanna.
- Tryggja öryggi nemenda þannig að þeir þurfi ekki að fara yfir umferðargötu til að komast á skólalóð.
- Tryggja aðgengi í skólanum fyrir alla nemendur, fatlaða sem ófatlaða.
- Endurskoða nýtingu gamla skólahússins og huga að byggingu nýs skóla.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla fyrir og eftir endurskoðun eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Seyðisfjarðarskóla

Seyðisfjarðarskóli er á Suðurgötu 4 á Seyðisfirði. Á heimasíðu skólans kemur fram að á Seyðisfirði hefur verið reglulegt skólahald fyrir börnin í bænum frá árunum 1881-1882. Glæsilegt skólahúsið sem í

daglegu tali kallast Gamli skóli, kom tilhoggið frá Noregi og var reist á þremur mánuðum árið 1907, en svokallaður Núi skóli eða rauða byggingin austan megin við Sólveigartorg var tekið í notkun árið 1986. Rauða húsið hýsir stofur undir list- og verkgreinar og má því kalla listadeild en þar er einnig að finna sameinað bókasafn bæjarins og skólans. Við Sólveigartorgið standa einnig nýlegt íþróttahús og sundlaug en allar almennar skólastofur eru í gamla skólahúsnæðinu.

Leiðarljós í starfi skólans er: *Í hverjum nemanda býr fjársjóður*. Gildi starfsfólks eru *vinátta, virðing, traust og gleði*. Skólinn er sameinaður leik-, grunn- og tónlistarskóli á Seyðisfirði frá árinu 2016 og þar er einnig rekin listadeild. Samkenntsla hópa er ríkjandi fyrirkomulag í grunnskóladeild.

Ytra mat fór fram árið 2012 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og var framkvæmt af Attentus.¹

Á haustönn skólaárið 2020-2021 eru 63 nemendur í skólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	5	7	7	4	5	3	7	10	8	7
Fjöldi bekkjardeilda	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Samkennsluhópar	1. og 2. bekkur		3. og 4. bekkur		5. og 6. bekkur			9. og 10. bekkur		

Starfsmenn Seyðisfjarðarskóla eru 22. Stjórnendur eru tveir, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Kennarar eru alls 14 í 11 stöðugildum, þar af starfar einn kennari sem sérkennari. Af kennurum eru þrír leiðbeinendur í 2,9 stöðuhlutfalli.

Við skólann er starfandi Skólasel fyrir nemendur í 1.-3. bekk sem skólastjóri ber ábyrgð á en er undir daglegri stjórn forstöðumanns. 21 nemandi er af erlendum uppruna og sex nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í vetur. Alls fá 12 nemendur skilgreinda sérkennslu. Á yfirstandandi skólaári stunda engir nemendur nám á öðru skólastigi.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0	3	3	3	4	5	5

Skólanum var ekki lokað vegna Covid-19 á vorönn 2020 og engin fjarkennsla veitt.

Dagleg kennsla var skert vegna Covid-19 í 26 daga.

Kennsla féll niður í 26 daga í eftirtöldum greinum vegna Covid-19: List- og verkgreinum, íþróttum og sundi.

¹ Úttekt á starfsemi Seyðisfjarðarskóla. 2012. Reykjavík. Attentus, mannauður & ráðgjöf.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólastefnu Seyðisfjarðar og skólanámskrá Seyðisfjarðarskóla. Sveitarstjórn í samvinnu við skólastjórnendur mótaði nýja skólastefnu árið 2016 í kjölfar sameiningar grunn-, leik- og tónlistarskóla. Yfirskrift stefnunnar er: *Í hverjum nemenda býr fjársjóður*. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu. Stefnan verður tekin til endurskoðunar árið 2021.

Námskrá skólans er opinber og birt á heimasíðu skólans. Með samþykki sveitarstjórnar er hún eingöngu birt þar, en ekki sem heildstætt skjal eins og venja er. Námskráin eins og hún er uppsett á heimasíðu uppfyllir ekki öll þau viðmið sem ætlast er til um skólanámskrá. Einungis nokkur hluti kennsluáætlana er vistaður á heimasíðunni. Í áætlunum um nám og kennslu er ekki gerð grein fyrir því hvernig unnið er með stefnu skólans.

Í rýnihópi foreldra kom fram að heimasíðan þyrfti að vera skilvirkari og leiðir að ákveðnum upplýsingum væru of flókna. Í síðustu foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2020 mældist ánægja foreldra með heimasíðu skólans marktækt minni en að meðaltali þeirra skóla sem taka þátt á landsvísu.

Starfsáætlun frá fyrra ári er birt á heimasíðu, hún uppfyllir að miklu leyti viðmið aðalnámskrár en þó vantar mikilvæga þætti, svo sem starfsáætlanir nemenda- og foreldrafélags, upplýsingar um tómstunda- og félagslíf nemenda, móttökuáætlun fyrir nýja kennara og starfslýsingar.

Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu og samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun. Skólaþing, sem haldin eru árlega eru meðal annars vettvangur samráðs þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins taka þar þátt. Í rýnihópum kom fram mikil ánægja með skólaþingin og að mati viðmælenda eru þau vel sótt og skapa tækifæri til samtals, samvinnu og upplýsinga um skólastarfið. Í daglegu tali og fréttaflutningi frá skóla leggja stjórnendur áherslur á það jákvæða í skólastarfinu. Í öllum rýnihópum kom fram að svo sé.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skólans hafa miklar væntingar til náms nemenda og hvetja kennara til að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms. Þeir skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans.

Í rýnihópum kom fram að mikil áhersla hefur verið lögð á innleiðingu á þróunarverkefninu *Uppeldi til ábyrgðar* síðan haustið 2018 með markvissri umræðu og námskeiðum. Stjórnendur og viðmælendur í rýnihópum eru þess fullvissir að það verkefni muni breyta miklu í skólastarfinu til hins betra. Í öllum skólastofum mátti sjá upplýsingar og leikreglur þessa verkefnis og nemendur þekkjá það.

Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og niðurstöður ytra gæðamats varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra eru nýttar til að efla skólastarfið. Kennarar í rýnihópi kölluðu þó eftir aukinni umræðu um gæði náms og kennslu. Hjá stjórnendum kom fram að þeir sjá um að niðurstöður ytra gæðamats, svo sem varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra, séu nýttar til að efla starf skólans en kennarar í rýnihópi vilja fá markvissari ráðgjöf hvað þetta varðar.

Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og þeir telja að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarfið í skólanum.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur leggja sig fram um að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið bæði formleg og óformleg og beinast þau að því að styrkja nám og vellíðan nemenda.

Stjórnendur hlusta eftir röddum grenndarsamfélagsins og leitast við að auka áhrif þess í stefnumótun og ákvarðanatöku, meðal annars með því að halda skólaþing.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess hvað varðar stefnumörkun og ákvarðanir er snúa að skólastarfinu. Skólaráðið hefur sett sér starfsáætlun og fundar reglulega, fundargerðir ráðsins eru skráðar og vistaðar á heimasíðu skólans. Að sögn skólastjórnenda er venjan sú að fulltrúar nemenda í skólaráði komi úr stjórn nemendaráðs. Skólaráðið hefur ekki haldið opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um, en haldið er skólaþing þar sem allir hagsmunaaðilar skólans koma að. Reglugerðin gerir ráð fyrir að nemendafulltrúar ásamt öðrum fulltrúum sitji hið minnsta í tvö ár, því þarf að gæta þess að annar nemendafulltrúinn komi úr hópi nemenda í 8. eða 9. bekk þannig að reglugerðinni sé fylgt.

Markviss samskipti eru við leikskólastig, grenndarsamfélag og frístundastarf. Skráð er á hvern hátt samskiptum er háttað við leikskólastig en ekki við framhaldsskólastig. Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss um ýmis verkefni, starfsnám og heimsóknir. Skólinn hefur fengið verðlaun Heimilis og skóla fyrir verkefnið *Viskubrunnur* en að því kemur allt skólasamfélagið og íbúar Seyðisfjarðar.

Í rýnihópi foreldra könnuðust viðmælendur ekki við að skólastjórnendur hefðu kynnt fyrir foreldrum sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag eins og 6. grein grunnskólalaga kveður á um. Í rýnihópi foreldra kom einnig fram að skólinn hafi ekki nægjanlegan meðbyr í samfélaginu og að agaleysi í nemendahópnum sé viðvarandi. Að mati viðmælenda þarf að verða breyting á svo að árangur og líðan nemenda verði betri og telja þeir að um samvinnuverkefni heimilis og skóla sé að ræða. Þessu til stuðnings má sjá að í síðustu foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2020 mældist viðhorf til aga í skólanum marktækt undir meðaltali þeirra skóla sem þar eru metnir og líðan barna í skólanum sömuleiðis.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og hluti af starfi stjórnenda, niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs. Stjórnendur miðla niðurstöðum mats og mælinga og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna í niðurstöður og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins.

Ekki er að finna skráð verklag um hvernig gögn um árangur, kannanir og skimanir eru nýtt til að skipuleggja kennslu og efla árangur nemenda.

Stjórnendur eiga aðkomu að umbótaverkefnum, meðal annars með því að sitja fundi í þróunarteymum.

Starfsþróunaráætlun skólans er til staðar, þar kemur fram að hverju er stefnt frá hausti 2019 til vors 2021 en hvorki kemur fram hvernig viðfangsefnum er deilt niður á ár eða annir né hverjir taka þátt í verkefnum hverju sinni.

Stjórnendur halda utan um framgang þróunarvinnu en skráningin þarf að vera markvissari og öllum aðgengileg, til dæmis á heimasíðu skólans.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið liggja fyrir á heimasíðu skólans. Í rýnihópi kennara kom fram að ekki væri auðvelt að finna þær upplýsingar sem leitað er að. Nokkuð er um að upplýsingar vanti og aðrar eru gamlar.

Nýir skólastjórnendur eru starfandi við skólann í upphafi skólaárs og í rýnihópum kom fram almenn ánægja með þeirra störf. Samkvæmt Skólapúlsi sem síðast var lagður fyrir foreldra vorið 2020 var niðurstaðan hvað varðar skólastjórn, að ánægðir voru 71,4% þeirra sem svöruðu, sem er umtalsvert undir meðaltali þeirra skóla sem taka þátt í Skólapúlsinum. Í tengslum við ytra mat skólans í haust var lögð fyrir foreldrakönnun, svarhlutfall var 32% og niðurstöður sýna að 90% svarenda eru mjög eða frekar ánægðir með skólann og 85% svarenda eru mjög eða frekar sammála um að skólanum sé vel stjórnað. Þessar niðurstöður eru betri en í vor sem leið, en ná þó ekki meðaltali þeirra skóla sem taka þátt í könnun Skólapúlsins.

Daglegt starf er vel skipulagt og starfsfólk er sátt við skipulagið. Ef ágreiningsmál koma upp eru þau leyst fljótt og vel að mati viðmælenda í öllum rýnihópum. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Að sögn skólastjóra er starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma kynnt lög um persónuvernd og trúnað. Nemendum eru kynnt öryggismál, þar með talið netöryggi.

Í skólanum eru árlega haldin nemendaping og þar hafa nemendur tækifæri til að koma sínum málum á framfæri. Nemendur eiga einnig fulltrúa í skólaráði. Nemendaráð er starfandi og fundar reglulega og formaður þess kynnir niðurstöður funda fyrir nemendum. Nemendafélagið hefur ekki sett sér starfsreglur, svo sem um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Að sögn skólastjóra er fylgst með því að aðbúnaður í skóla sé öruggur en ljóst er að aðgengi fatlaðra í gamla skólahúsinu er verulega ábótavant.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Við stjórnun skólans er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta og gagnkvæms trausts. Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli, en verkaskipting þeirra er ekki skráð og því ekki öllum ljós.

Stjórnendur heimsækja bekkir af og til en fylgjast ekki með námi og kennslu með það að markmiði að veita kennurum endurgjöf. Að mati kennara og starfsmanna í rýnihópi fer endurgjöf aðallega fram í

starfsþróunarsamtölum sem eru einu sinni á skólaárinu. Samkvæmt könnun Skólapúlsins er almenn ánægja með samtölin og allir starfsmenn hafa mætt til samtals.

Réttindi og skyldur starfsmanna eru ekki skráð og samkvæmt rýnihópasamtölum kannast starfsmenn ekki við að hafa fengið kynningu á þeim.

Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulega verður við komið í litlum skóla. Nýir starfsmenn og nýútskrifaðir kennarar fá stuðning og tengilið innan starfshópsins.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni stjórnenda og annarra í skólanum. Starfsfólki finnst það njóta trausts og fá tækifæri til að bera ábyrgð á ýmsum verkefnum.

Stjórnendur hvetja starfsmenn til að huga að heilsu sinni og veita svigrúm til þess. Skólinn starfar eftir stefnu *Heilsueflandi skóla* þar sem mikilvægi heilsueflingar eru gerð skil. Farið er fram á að allir starfsmenn ásamt stjórnendum fylgi þeirri stefnu.

Styrkleikar

- Skólastefna Seyðisfjarðar er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu og samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.
- Skólaping eru vettvangur samráðs, samvinnu og upplýsinga um skólastarf og eru til fyrirmyndar.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheid.
- Skólaráð fundar reglulega og fundargerðir eru skráðar og vistaðar á vef skólans.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru fjölbreytt og markviss.
- Stjórnendur miðla niðurstöðum mats og mælinga og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna í niðurstöður og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins.
- Daglegt starf er vel skipulagt og starfsfólk er sáttt við skipulagið.
- Skólastjóri tryggir að sjónarmið nemenda nái fram og að á þá sé hlustað í nefndum og ráðum.
- Árleg nemendaping eru til fyrirmyndar.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts og fá tækifæri til að bera ábyrgð á ýmsum verkefnum.
- Stjórnendur hvetja starfsmenn til að huga að heilsu sinni og veita svigrúm til þess.

Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að skólanámskráin uppfylli öll viðmið sem ætlast er til samkvæmt aðalnámskrá.
- Gæta að því að starfsáætlun skólans uppfylli öll viðmið sem ætlast er til samkvæmt aðalnámskrá.
- Mikilvægt er að upplýsingar á heimasíðu séu aðgengilegar, hagnýtar og uppfærðar reglulega.
- Í áætlunum um nám og kennslu þarf að gera grein fyrir því hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Skrá markvisst framgang þróunarvinnu og birta á heimasíðu.
- Mikilvægt að verkaskipting stjórnenda sé skráð og öllum ljós.

- Mikilvægt er að réttindi og skyldur starfsmanna séu ljósar, skráðar og kynntar starfsmönnum.
- Stjórnendur fylgist með námi og kennslu með það að leiðarljósi að veita kennurum endurgjöf.
- Tryggja að nemendafulltrúar í skólaráði sitji í ráðinu til tveggja ára.
- Fylgja því eftir að skólaráðið haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um.
- Mikilvægt er að gera starfsþróunaráætlun fyrir hvert ár, tímasetja viðburði og fræðslu og áætlunin nái til allra starfsmanna skólans.
- Nauðsynlegt er tryggja aðgengi fatlaðra í öllu skólahúsnæðinu.
- Gera starfslýsingar fyrir alla starfsmenn og birta þær.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólafelag Seyðisfjarðarkaupstaðar er frá árinu 2016 og liggur hún til grundvallar stefnu skólans. Yfirskrift stefnunnar og jafnframt leiðarljós í starfi skólans er: *Í hverju barni býr fjársjóður.*

Í stað þess að birta skólanámskrá í einu skjali er á heimasíðu Seyðisfjarðarskóla að finna flesta þá þætti og upplýsingar sem birta skal í almennum hluta skólanámskrá grunnskóla. Að sögn skólafélags var þetta gert í samráði við fræðslunefnd og með samþykki hennar. Samkvæmt aðalnámskrá semur hver skóli skólanámskrá þar sem stefna aðalnámskrár er útfærð í samræmi við stefnu á hverjum stað, nemendahóp, faglega áherslu og sérkenni í hverju tilviki². Aðgengilegra væri fyrir foreldra að setja inn á síðuna yfirskriftina skólanámskrá með tenglum á þá þætti sem heyrja þar undir.

Læsisstefna og stærðfræðisstefna eru birtar á heimasíðu skólans og þar koma fram áherslur skólans, umfjöllun um kennsluhætti ásamt upplýsingum um skimanir og námsmat. Þessar mikilvægu stefnur liggja nokkuð djúpt á heimasíðunni en til að gera þær aðgengilegri mætti setja tengla á þær frá síðu þar sem stefna skólans er birt.

Einkunnarorð starfsmanna eru: *Vinátta, virðing, traust og gleði.* Allir starfsmenn undirrita starfsmannasáttmála sem þeir hafa útbúið út frá þessum gildum. Þessi gildi eða einkunnarorð voru ekki sýnileg nemendum og nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við þau.

Kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans en þegar matið fór fram vantaði þó enn áætlanir fyrir ýmsar námsgreinar í yngri deildum. Kennsluáætlanir sýna góð tengsl við aðalnámskrá og í flestum áætlunum sem birtast eru grunnþættir menntunar tilgreindir, einnig lykilhæfni nemenda og fram kemur hvernig unnið er að þessum þáttum. Birt eru markmið um þekkingu og hæfni sem nemendur skulu tileinka sér ásamt upplýsingum um námsmat. Ekki kemur fram í námsáætlunum hvernig námsaðlögun er háttáð en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur með sérstakar þarfir í námi. Í þeim koma fram markmið til lengri og skemmri tíma, lýsing á stöðu nemandans og kennsluháttum. Kennsluáætlun fyrir eina námsgrein er sett fram á ensku en ekki er hægt að ætlast til að allir foreldrar geti nýtt sér inntak hennar.

Kennsluáætlanir lágu aðeins fyrir í fáum stundum sem heimsóttar voru en vísað var í áætlanir á heimasíðu. Sama gildir um markmið, þau voru aðeins tilgreind eða sýnileg í örfáum stundanna.

Gerð er grein fyrir stoðþjónustu á heimasíðu skólans: *Seyðisfjarðarskóli er skóli án aðgreiningar með þjónustu fyrir alla nemendur sína bæði fatlaða og ófatlaða.*

Sérkennsla fer ýmist fram innan námshóps með stuðningi eða nemendur fara til sérkennara í lesver og fer það eftir aðstæðum hverju sinni, að sögn viðmælenda í rýnihópum. Tveir fullorðnir, kennari og stuðningsaðili voru til staðar í tæplega þriðjungi þeirra stunda sem heimsóttar voru. Lesverið er ætlað

² Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, (s.11 og s.65).

nemendum sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja. Skólinn hefur samið við fyrirtækið Tröppu um talþjálfun nemenda en talþjálfunin fer fram í skólanum með fjarfundabúnaði. Hjá viðmælendum kom fram að löng bið geti verið eftir sérfræðipjónustu.

Nemendur af erlendum uppruna í Seyðisfjarðarskóla eru alls 21 eða nær þriðjungur nemendahópsins. Sex nemendur njóta kennslu í íslensku sem öðru máli.

2.2. Árangur náms

Í stefnu skólans segir að nám og velferð nemenda sé höfuðmarkmið með öllu skólastarfi. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti. Fylgst er með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum þeirra. Kennarar í rýnihópi nefna dæmi um viðbrögð við því þegar einn árgangur kom illa út úr lesskilningi og þá var fengin aðstoð utan frá til að vinna með hópnum. Yfirlit um skimanir og kannanir liggur fyrir en ekki er skráð hvernig brugðist skal við hverju sinni.

Lögð var fyrir foreldrakönnun í tengslum við matið og svör bárust fyrir tæp 32% nemenda skólans. Foreldrar sem svara telja að barnið sé hvatt til að leggja sig fram í náminu og það taki stöðugum framförum (85% mjög eða frekar sammála) og umsjónarkennarinn fylgist reglulega með námi barnsins (90% mjög eða frekar sammála). 65% svarenda segjast fá reglulega góðar upplýsingar um námsárangur barns síns en 35% svara hvorki né við þeirri spurningu.


Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. 20 matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Í heildarniðurstöðum Skólapúlsins fyrir skólaárið 2019-2020 mældist vellíðan nemenda í Seyðisfjarðarskóla nokkuð undir landsmeðaltali í sambærilegum skólum og hafði lækkað frá árinu á undan. Vellíðan stráka vikur aðeins meira frá meðaltali en líðan stelpna og mikill munur er á árgöngum. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið töldu 80% svarenda að barninu líði vel í skólanum og það sé öruggt og 95% telja að barnið njóti sanngirni og virðingar í skólastarfinu.

Samræmd könnunarpróf

Einn af einkunnakvörðunum við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Einkunnakvarðinn hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því samanburðarhæfur á milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.


Vegna fámennis er aðeins birt uppsafnað meðaltal árganga skólans. Uppsafnaður árangur er sú niðurstaða sem fæst þegar fjöldi nemenda á bak við árangur er tíu eða fleiri, það er viðmið um birtingu. Þarf því að reikna saman nokkur ár í einu.

Árangur nemenda í 4. bekk er um og yfir landsmeðaltali í íslensku árin 2013-2019 en liggur undir í stærðfræði öll árin. Munur er á árangri milli námsgreinanna.




Mynd 1. Árangur á samræmdum prófum, 4. bekkur uppsafnað meðaltal

Árangur nemenda 7. bekkjar er nú um og rétt undir landsmeðaltali í bæði íslensku og stærðfræði en var verulega yfir í báðum greinum árin 2014 til 2016.



Mynd 2. Árangur á samræmdum prófum, 7. bekkur uppsafnað meðaltal.

Uppsafnað meðaltal 9. bekkjar í samræmdum prófum sýnir árangur yfir meðaltali í íslensku og ensku en aðeins undir í stærðfræði.



3

Mynd 3. Árangur á samræmdum prófum. 9. bekkur uppsafnað meðaltal.

Árangur nemenda í 9. bekk 2019 var yfir landsmeðaltali í ensku en undir í bæði íslensku og stærðfræði og dalaði töluvert milli ára, sérstaklega í stærðfræði.

Lesferill

Skólinn notar Lesferil til að meta hraða og öryggi nemenda í lestri. Staða nemenda skólans er í flestum árgöngum nálægt landsmeðali en nokkuð undir í yngstu og elstu árgöngum þegar könnun var lögð fyrir í janúar 2020.


2.3 Gæði kennslu

Í skólastefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar er lögð áhersla á að virkja áhuga nemenda til náms með krefjandi og fjölbreyttum viðfangsefnum við hæfi. Nemendur geti unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Unnið sé af metnaði og stefnt á framúrskarandi árangur en ekki á kostnað gleðinnar og samhygðarinnar. Í stefnu skólans segir: *Nám nemenda einkennist af þátttöku þeirra, ábyrgð, sköpun, jafnrétti og sjálfbærni.* Í vettvangsathugunum sáu matsmenn fjölbreytt vinnubrögð og áherslu á útikennslu og hreyfingu.

Matsmenn voru á vettvangi í alls 18 kennslustundum hjá nær öllum kennurum og öllum aldurshópum í fjölbreyttum námsgreinum. Kennarar sýndu almennt fagmennsku og kennslufræðilega hæfni í þeim stundum sem matsmenn heimsóttu, skipulag kennslutíma var almennt gott og tíminn vel nýttur. Flestar stundir voru metnar góðar, tvær frábærar en nokkrar sem þarf að bæta.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi

spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.



Mynd 4. Kennsluathafnir.

Kennsluáherslur sem matsmenn sáu á vettvangi voru í 78% stunda bein kennsla, þar sem kennslustundin einkenndist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar upplýsingum og nemendur að vinna verkefni samkvæmt fyrir mælum kennara. Blanda af fræðandi og leiðbeinandi kennsluáherslum voru í 22% stundanna sem þýðir að hluta tímans höfðu nemendur virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms. Þetta er nokkuð hærra hlutfall en að meðaltali. Engin stund sem matsmenn heimsóttu var metin alfarið með leiðbeinandi kennsluáherslur. Í nokkrum stundum sem matsmenn heimsóttu var nemendum gerð grein fyrir markmiðum stundarinnar en ekki öllum. Í nokkrum stundanna lágu kennsluáætlanir fyrir en flestir kennarar vísuðu í kennsluáætlanir á heimasíðu. Nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við að setja sér eigin markmið nema í stærðfræði á unglingsstigi.

Gerð er grein fyrir námsmati í kennsluáætlunum, auk prófa og kannana er nám metið með símati kennara og sjálfsmati nemenda. Ekki er fjallað um tilhögun námsaðlögunar í kennsluáætlunum.


Í könnun Skólalámsins skólaárið 2019-2020 mælist ánægja nemenda af lestri og áhugi á stærðfræði svipaður og að landsmeðaltali og ánægja af náttúrufræði aðeins meiri. Aftur á móti mælist trú á eigin vinnubrögð í námi marktækt lægri en að landsmeðaltali og trú á eigin námsgetu nokkuð lægri. Nokkur árgangamunur er á svörum nemenda og eru elstu nemendur jákvæðari og áhugasamari en þeir yngri (könnunin er lögð fyrir nemendur í 6.-10. bekk). Nemendur í rýnihópi sögðu það fara eftir greinum hvort nemendur eru áhugasamir, en þeir voru jákvæðir fyrir verklegum greinum og smíði.

2.4 Skipulag náms

Samkenntsla er að mestu í hverjum tveimur árgöngum, með þeim undantekningum að á miðstigi blandast nemendur þriggja árganga í náttúrufræði og list- og verkgreinum og í kjarnagreinum í 9. og 10. bekk eru árgöngum kennt aðskilið.

Samskipti voru jákvæð milli nemenda og milli nemenda og kennara að því er séð varð í vettvangsheimsóknnum. Samskipti eru góð milli starfsfólks að sögn kennara í rýnihópi og góður starfsandi nú í haust.

Kennslustundir eru einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinna eða blöndu af hvoru tveggja. Markviss samvinna nemenda var í 16% stunda sem matsmenn mátu eða nær jafnt og að meðaltali annarra skóla sem metnir hafa verið. Að auki sást samvinna að hluta í rúmlega 37% stundanna sem er hærra hlutfall en almennt gerist. Kennslu- og námsáherslur þar sem nemendur vinna einir við nám var í 47% kennslustunda sem er að sama skapi lægra hlutfall. Umræður og skoðanaskipti voru lítill hluti í námi og kennslu sem matsmenn sáu á vettvangi.



Mynd 5. Námsathafnir.

Skólinn er vel útbúinn með bekkjarsett af spjaldtölvum í flestum stofum og fartölvum fyrir elstu nemendur.

Nemendur nýttu upplýsingatækni í námi sínu í 37% stunda sem matsmenn heimsóttu og kennarar við kennslu í 32% stundanna sem er meiri notkun upplýsingatækni en almennt í þeim skólum sem metnir hafa verið síðustu skólaár. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum.

Útinám er áherslupáttur í starfsþróunaráætlun árána 2019-2021. Í kennsluáætlunum flestra greina kemur sú áhersla fram og skólinn hefur útbúið útsvæði fyrir útikennsluna. Skólinn er heilsueflandi skóli og hreyfing og öryggi eru áherslupættir í starfi skólans. Þátttakendur í rýnihópum nefna fjölmörg samstarfsverkefni við grenndarsamfélagið, s.s. *Viskubrunn* sem er spurningakeppni og fjáröflun, nemendur í 7. bekk lesa fyrir eldri borgara og nemendur sækja starfsnám.

Á heimasíðu skólans kemur fram að flestar list- og verkgreinar eru kenndar í tveimur lotum á öllum skólastigum í grunnskóladeild. Nemendur fá vikulega kennslu, 60 mínútna kennslustund í u.þ.b. 16 skipti, í sjónlist, textíl, heimilisfræði, smíði og hönnun. Nemendur á yngsta stigi fá auk þess þjálfun í leiklist vikulega (40 mínútna kennslustund) í u.þ.b. 11 skipti sem fylgir þriggja anna kerfi. Nemendur á miðstigi fá þjálfun í leiklist yfir allt skólaárið og allir nemendur í grunnskóladeild fá árlegt dansnámskeið. Heildartími nemenda í list- og verkgreinum virðist þannig ná viðmiðum aðalnámskrár. Á stundaskrám nemenda í 1.-7. bekk eru merktir valttímar eina stund á viku en fjórar stundir í unglingsdeild. Það

uppfyllir ekki að fullu kröfu um að val á unglíngastigi skuli vera um fimmtungur námstímans eða um sjö kennslustundir á viku hjá hverjum árgangi.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt virkir og áhugasamir í þeim kennslustundum sem matsmenn heimsóttu og oftast voru nemendur að vinna sömu eða sams konar verkefni eftir einni skipun kennara. Val um námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl var ekki sýnilegt í kennslustundum né kemur það fram í kennsluáætlunum. Nemendur í rýnihópi sögðust stundum fá að velja hvernig þeir ynnu verkefni og misjafnt væri eftir greinum hvort þeir mættu ráða hvernig verkefnum væri skilað, helst í samfélagsfræði að þeirra sögn. Áhugasvið er ekki sýnilegt á stundaskrá eða í kennsluáætlunum og nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við að fá að velja viðfangsefni á sínu áhugasviði.

Markmið koma fram í kennsluáætlunum en þau voru almennt ekki tilgreind í þeim stundum sem matsmenn heimsóttu. Nemendur í unglíngadeild í rýnihópi sögðust setja sér markmið í stærðfræði en aðrir í hópnum könnuðust ekki við að markmið séu tilgreind. Sama gildir um hæfniviðmið, þau koma fram í kennsluáætlunum en nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við þau. Áhersla á sjálfsmat og jafningjamat virðist meiri í eldri deildum en þeim yngri.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Starfsfólk og nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og haldið var skólaþing á síðasta skólaári með þátttöku nemenda, starfsfólks og foreldra og einnig var haldið nemendaþing. Nemendur koma fram á nemendaþingi og skólaþingi og er þeim þannig markvisst kennt að koma skoðunum sínum á framfæri, sagði skólastjóri í viðtali. Upplýsingar um nemendaþingið er ekki að finna á heimasíðu skólans.

Skólinn nýtir kannanir Skólapúlsins og nemendur fá þannig tækifæri til að tjá sig um líðan sína og skipulag náms og skólstarfs. Unnið er eftir uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* og hún markvisst innleidd í öllum deildum skólans. Bekkjarfundir eru í öllum bekkjum og bekkjarreglur eða bekkjarsáttmálar voru sýnilegir hjá flestum árgöngum.

Nemendaráð er skipað nemendum af unglíngastigi og situr formaður þess sem fulltrúi nemenda í skólaráði skólans. Á heimasíðu eru gamlar upplýsingar um þá sem sitja í ráðinu og ekki eru birtar upplýsingar um starfsemi ráðsins. Að sögn nemenda í rýnihópi fundar nemendaráðið vikulega og ákvarðanir eru kynntar öðrum nemendum með því fulltrúar heimsækja bekk.

Styrkleikar

- Kennsluáætlanir sýna góð tengsl við aðalnámskrá þar sem gerð er grein fyrir hvernig unnið er að grunnþáttum, lykilhæfni og hæfniviðmiðum greina.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur með sérþarfir og þar koma fram markmið, tilhögun og leiðir sem unnið er eftir.
- Sérkennsla fer að hluta fram með stuðningi í kennslustundum.
- Fylgst er með árangri og framförum nemenda og nemendahópa.
- 90% foreldra sem svara könnun segja að umsjónarkennarinn fylgist reglulega með námi barnsins.

- Skipulag kennslu er gott og tími vel nýttur.
- Samskipti milli nemenda og milli nemenda og kennara eru almennt jákvæð.
- Markviss samvinna nemenda sást í rúmlega helmingi stunda sem heimsóttar voru.
- Upplýsingatækni er markvisst nýtt í þágu náms nemenda.
- Áhersla er á útinám og skólinn hefur útbúið útisvæði fyrir útikennslu.
- Fjölbreytt samstarf er við grenndarsamfélagið.
- Unnið er eftir uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* og hún markvisst innleidd í öllum deildum skólans.
- Nemendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á skólaþingum og nemendapingum.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að allar kennsluáætlanir séu opinberar og aðgengilegar foreldrum við skólabyrjun að hausti.
- Samræma að fullu framsetningu kennsluáætlana og birta efni þeirra allra á íslensku.
- Gera grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum og hvernig komið er til móts við bráðgera nemendur.
- Tilgreina námsmarkmið í upphafi kennlustunda og hafa markmið og hæfniviðmið sýnileg nemendum.
- Tryggja markvissa upplýsingagjöf til foreldra um námsárangur.
- Huga þarf að hvað veldur slakari árangri nemenda í stærðfræði en íslensku á samræmdum könnunarprófum og móta stefnu um aðgerðir til að auka árangurinn.
- Huga þarf vel að líðan nemenda og trú þeirra á eigin námsgetu og vinna með árgöngum og einstaklingum út frá niðurstöðum kannana.
- Auka áherslu á leiðbeinandi kennsluathafnir þar sem nemendur eru virkir í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.
- Auka áherslu á umræður og skoðanaskipti sem hluta af námi nemenda.
- Veita nemendum tækifæri til að velja námsaðferðir og velja viðfangsefni eftir áhugasviði sínu.
- Þjálfa nemendur í sjálfsmati og jafningjamati.
- Birta á heimasíðu upplýsingar um nemendaráð og starfsemi þess.
- Skrá verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflagð.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan og sjálfsagðan þátt í skólastarfinu. Á heimasíðu er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf reglulega. Fjallað er um skipulag og leiðir í skýrslu um innra mat sem gefin er út opinberlega annað hvert ár. Fyrir liggur áætlun um innra mat frá 2018 og í henni er tilgreint hvaða þættir skólastarfsins eru skoðaðir til ársins 2023.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega. Hins vegar fer ekki fram markvisst mat á kennslu, fagmennsku kennara og nýjungum í kennsluháttum.

Val matsþátta byggir á stefnu skólans, markmiðum og helstu viðfangsefnum. Árangur sem stefnt er að með hverjum matsþætti er ekki skilgreindur.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð skólastjóra. Ekki er starfandi matsteymi með fulltrúum starfsfólks, nemenda og foreldra.

Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og val aðferða ræðst af viðfangsefni hverju sinni, hópum sem leitað er upplýsinga hjá og þeim spurningum sem lagt er upp með. Bygðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir sem hæfa þörfum skólans.

Mat á námi nemenda og framförum fer fram reglulega og nýtir skólinn niðurstöður samræmdra könnunarprófa, viðmið Menntamálastofnunar um lestur ásamt ýmsum skimunum og könnunum sem lagðar eru fyrir nemendur. Seyðisfjarðarskóli hefur verið þátttakandi í Skólapúlsinum sem leggur reglulega fyrir nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir, þannig er hægt að fylgjast með hvar skólinn stendur í samanburði við þá skóla sem eru þátttakendur í Skólapúlsi á landsvísi. Útbúnir hafa verið greinargóðir gátlistar sem ná til flestra þátta í skólastarfinu og þeir meðal annars nýttir til innra mats.

Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfsins. Greinargerð um innra mat er til staðar. Niðurstöður innra og ytra mats eru formlega kynntar hagsmunaaðilum. Fram kom í rýnihópi skólaráðs að það fær kynningu á matinu ásamt umbótaáætlun, að öðru leyti kemur ráðið ekki að innra mati skólans. Fulltrúar treysta því að skólastjórnendur leiti eftir upplýsingum sem skipta máli til að efla starfið. Í rýnihópi nemenda kom fram að niðurstöður kannana í innra mati eru ekki kynntar fyrir þeim, en þeir vilja gjarnan að það sé gert svo þeir hafi eitthvað um það að segja hvernig bæta megi árangur og skólastarf.

Ekki er að sjá að matsframkvæmdin sjálf sé endurmetin eða reynsla af henni ígrunduð og skráð.

3.3 Umbætur

Greinargerð um innra mat er til staðar á heimasíðu skólans. Þar koma fram grundvallarupplýsingar um matið. Greinargerðin birtist þó ekki í kafla um innra og ytra mat á heimasíðunni og hún er því ekki auðfundin. Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á virku mati og öðrum gögnum um árangur.

Innramatsskýrsla er gefin út annað hvert ár að vori, en árið þar á eftir skýrsla um niðurstöður umbóta. Í gátlistum um umbætur kemur fram grundvöllur ákvörðunar um aðgerð, hvenær vinna hefst, hver ber ábyrgð og hvenær verki lýkur. Gátlistar eru skoðaðir og metnir af stjórnendum jafnt og þétt og niðurstöður markvisst notaðar til umbóta. Skólastefna sveitarfélagsins byggir á viðmiði um að starf skólans sé umbótamiðað í öllum deildum.

Í greinargerð er fjallað um þörf til umbóta en ekki kemur fram að hve miklu leyti markmið hafa náðst og ekki fjallað um helstu styrkleika og tækifæri. Tímasett áætlun um umbætur er til staðar og henni er fylgt eftir með skipulögðum hætti og þar kemur fram hver ber ábyrgð á verkefnum. Hins vegar kemur ekki fram hvenær og hvernig árangur er metinn.

Matsniðurstöður hafa með skýrum hætti haft áhrif á starfshætti. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf, þó þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru. Skólinn getur sýnt fram á umbætur sem raktar eru til innra mats.

Styrkleikar

- Litið er á innra mat og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.
- Innramatsskýrsla er til staðar.
- Mat á námi nemenda og framförum fer fram reglulega.
- Niðurstöður innra mats eru kynntar fyrir foreldrum, starfsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Umbótaáætlun er til staðar og henni er kerfisbundið fylgt eftir.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra sem hlut eiga að máli.
- Skólinn getur sýnt fram á umbætur sem raktar eru til innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina þarf árangur sem stefnt er að í matinu og meta hvort hann hefur náðst.
- Mikilvægt er að innra mat sé samstarfsmiðað og byggi á lýðræðislegu vinnubrögðum.
- Skipa innramatsteymi með þátttöku fulltrúa allra hagsmunaaðila.
- Kynna niðurstöður innra mats og kannana fyrir nemendum.

Þáttur 4 – Sameining leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í Seyðisfjarðarskóla

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Haustið 2016 hófst skólastarf í sameinuðum þriggja deilda skóla undir nafninu Seyðisfjarðarskóli og skiptist hann í grunnskóladeild, leikskóladeild og listadeild. Að beiðni skólastjóra, vorið 2020 var í ytra matinu sjónum beint að stöðu sameiningarinnar. Í þessari umfjöllun er byggt á því sem fram kom hjá viðmælendum í rýnihópum og niðurstöðum foreldrakönnunar sem lögð var fyrir í tengslum við matið. Auk þess var skoðuð matsskýrsla frá árinu 2012.

Á heimasíðu skólans má sjá áætlun sem gerð var um sameiningu skólanna og innleiðingu nýrrar skólastefnu sveitarfélagsins árin 2017-2021. Áætluninni er skipt í þrjá fasa með markmiðssetningu fyrir hvern þeirra. Síðasti hluti áætlunarinnar (fasi 3) nær frá 2019-2021. Þar segir: Fasi 3 er að miklu leyti endurmatsfasi og fasi þar sem það sem hefur gengið vel er styrkt og fest í sessi með skriflegum lýsingum í starfsáætlun. Í lok fasa 3 er stefnan tekin áfram og það sem gert hefur verið er metið, segir þar einnig. Meðal markmiða í þriðja fasa er: *Kennarar, nemendur og foreldrar upplifa að Seyðisfjarðarskóli er sameinaður skóli í mótun og þróun.*

Bætt var við eftirfarandi spurningum í viðtöl við rýnihópa og stjórnendur auk þess sem þær voru settar inn í foreldrakönnun sem lögð var fyrir alla foreldra í kjölfar matsins.

Teljjið þið að sameining skólanna hafi leitt til samfellu í skóladegi nemenda?

Að hvaða leyti hefur sameining skólanna verið til hagsbóta fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra?

Í viðtölum við stjórnendur skólans kemur fram að þeir telja markmið sameiningar skólanna hafi náðst „að vissu marki - við erum á réttri leið“. Í rýnihópi kennara kom fram að „okkur finnst leikskólinn fyrir utan rammann en grunnskólinn og listadeildin er meiri heild“.

Flestir viðmælendur töldu að sameining skólanna hefði verið til hagsbóta fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra og nefndu sérstaklega listadeildina og það að nemendur geta nú sótt tónlistarkennslu á skólatíma. Þannig verður meiri samfella í skóladegi nemenda en áður var. Einnig kom fram að stefnan *Uppeldi til ábyrgðar* nær til allra deildanna og mikil áhersla er lögð á að starfsmenn séu samstíga í að framfylgja henni. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í kjölfar matsins taldi um þriðjungur svarenda að sameiningin hefði leitt til meiri samfellu í skóladegi nemenda, aðrir svöruðu ekki, sögðust ekki hafa reynslu nema af sameinuðum skóla eða voru óvissir. Í einu svari kemur fram að enn þurfi að sækja íþróttaæfingar á Egilsstaði.

Dæmi um svör við spurningunni að hvaða leyti hefur sameining skólanna verið til hagsbóta fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra eru: „Faglegt samstarf kennara í öllum deildum og stefnan er skýr og gengur yfir allar deildir svo börnin upplifa sömu áherslur milli skólastíga“, „meira skapandi starf“ og „meiri áhersla á listir“.

Aftur á móti kom sú skoðun sterkt fram í rýnihópum að „það sé brotið á börnunum okkar aðstöðulega séð“. Samfara sameiningunni voru yngri nemendur fluttir í gömlu skólabygginguna sem nú hýsir alla grunnskóladeildina. Gamla skólahúsið er reisuleg þriggja hæða bygging með bröttum tröppum úti og stigum inni, skólastofur eru á 1. og 2. hæð en salerni nemenda í kjallara. Aðgengi er því ekkert fyrir fatlaða nemendur. Úr gamla skólanum þurfa börnin að fara yfir umferðargötu til að komast á

skólalóðina í frímínútum og einnig í list- og verkgreinar og á bókasafn. Að mati viðmælanda í rýnihópum eru kennsluaðstæður í gamla skólanum „fáránlegar og hreint óásættanlegar“ eins og einn orðar það.

Í matsskýrslu Attentus frá árinu 2012 er bent á að skólalóðin er skorin af umferðargötu og gamla skólahúsið sé óhentugt. Í þeirri skýrslu er vitnað í mat frá árinu 2003 þar sem sagði að Gamli skóli hentaði illa til skólahalds og óviðunandi sé að umferðargata liggja gegnum skólalóð. Staða þessara tveggja þátta er að því leyti verri í dag en áður að við sameiningu var kennsla yngri deilda flutt í gamla skólahúsið úr húsnæði sem samkvæmt mati árið 2012 hentaði „einkar vel fyrir þá fjölbreyttu kennsluhætti sem þar eru á yngri stigum skólans“.

Eitt af markmiðum í þriðja fasa sameiningar fjallar um byggingu nýs skóla sem virðist vera bráðaþörf miðað við það sem fram kom í rýnihópum við ytra matið.

Styrkleikar

- Foreldrar telja almennt að sameining skólanna hafi verið til hagsbóta fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra.
- Nemendur geta sótt tónlistarkennslu á skólatíma sem stuðlar að samfellu í skóladegi þeirra.
- Stefnan *Uppeldi til ábyrgðar* nær til allra deilda skólans svo börnin upplifa sömu áherslur á öllum skólastigum.

Tækifæri

- Mikilvægt er að meta hvernig til hefur tekist við sameiningu skólanna í lok innleiðingar árið 2021.
- Leita leiða til að leikskólinn tengist enn betur sameiginlegu starfi skólanna.
- Tryggja öryggi nemenda þannig að þeir þurfi ekki að fara yfir umferðargötu til að komast á skólalóð.
- Tryggja aðgengi í skólanum fyrir alla nemendur, fatlaða sem ófatlaða.
- Endurskoða nýtingu gamla skólahússins og huga að byggingu nýs skóla.